



Skrifstofa Alþingis - nefndasvið  
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 27. mars 2019

1903001HA GG/vrh  
Málalykill: 30.21

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um siglingavernd, nr. 50/2004**

Hafnasamband Íslands hefur tekið ofangreint frumvarp til skoðunar og er umsögn sambandsins eftirfarandi:

Á árinu 2018 var frumvarp til breytinga á lögum um siglingavernd til umfjöllunar Alþingis og sendi Hafnasamband Íslands umsögn sína um það frumvarp m.a. um sambærilegt ákvæði og nýtt frumvarp fjallar um þ.e. heimild Samgöngustofu til að leggja dagsektir á eftirlistskylda aðila – þ.m.t. hafnir.

Í þeirri umsögn sem send var umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis var m.a. bent á eftirfarandi:

„Vert er að benda á 6. grein laga um hafnarvernd, en þar er það ákvörðun hafna að óska eftir því að hafnarsvæði falla undir lög nr. 50 frá 2004. Engin ákvæði eru í lögum um skyldu hafna til þess að halda úti hafnaraðstöðu sem fellur undir lögin. Því er mun eðlilegra að viðurlög við þeim ákvæðum sem fram koma í 6. 8. og 9. grein frumvarpsins valdi niðurfellingu á heimild til að starfa á grundvelli laganna um siglingavernd fremur en að slíkt leiði til hárra stjórnvaldssekta eða fangelsisrefsingar. Hagsmunir þeirra hafna sem óska eftir að ákvæði laga um Siglingavernd eigi við um svæði innan þeirra vébanda eru alfarið á þann veg að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til slíkra svæða og óþarfi að veifa refsivendi yfir höfnunum og starfsmönnum þeirra.“

Hafnasamband Íslands gerir sér grein fyrir því að verði misbrestur á því að reglum um skipa-, farmvernd og hafnavernd sé framfylgt þá sé nauðsynlegt að hafa til staðar ákveðin þvingunarúrræði. Æskilegra væri að slík úrræði tækju til annarra aðila en hafna þar sem hagsmunir hafna, sem veija og telja nauðsynlegt að vera með hafnarverndarsvæði, eru svo miklir að slíkt ætti að tryggja að ekki þurfi að koma til þvingunaraðgerða vegna vanhalda á að uppfylla reglurnar.

Virðingarfyllt

HAFNASAMBAND ÍSLANDS

Gísli Gíslason

formaður stjórnar Hafnasambands Íslands

